Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Ert þú áskrifandi að viku-blaði verkafólks?

Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

37. tölublað þriðjudaginn 3. október 1978 7. árgangur verð kr. 100. -

Samningana í gildi

Af hverju hafa samningarnir ekki verið teknir í gildi að fullu? Hluti launþega fær engar bætur fyrir samningsrofið í febrúar sl. Fyrir aðra hópa launþega eru samningarnir að hluta í gildi.

Kristján Thorlacius segir í forystugrein í Ásgarði, blaði BSRB, að ástæðan sé sú "að forysta Verkamannasambands Íslands og hópur stjórnmálamanna hafa tekið þá afstöðu í þessu máli, að samninga eigi ekki að hafa í heiðri nema gagnvart hluta af hinum fjölmenna hópi launafólks."

Það er spurning hvort ekki megi bæta við í þessa upptalningu fleiri mönnum, t.d. sumum forystumönnum BSRB.

Eða er ekki Haraldur Steinþórsson framkvæmdastjóri BSRB einn þeirra sem hafa verið valdir í nefnd til að endurskoða vísitöluna? Og ekki verður betur munað en að hann hafi verið hafður í ráðum þegar núverandi lög voru sett. Bæði sem fulltrúi BSRB og sem miðstjórnarmaður í Alþýðubandalaginu. Ekki hefur heldur farið mikið fyrir mótmælum hans gegn því að samningarnir eru ekki í gildi að fullu,

Hér má líka bæta við afstöðu forystumanna LSFK til aðgerða grunnskólakennara.

Nú er nefnilega komin upp sú staða að Alþýðubandalagið vill fyrir hvern mun koma í veg fyrir aðgerðir gegn ríkisstjórninni og verkföll yfirleitt. Að minnsta kosti berjast þeir gegn öllum aðgerðum sem beinast gegn ráðherrum AB.

Þannig notar forysta AB öll vopn og alla þjóna sína innan verkalýðshreyfingarinnar til að letja til aðgerða og telja kjark úr fólki.

Með tilstyrk þessara þjóna hefur AB meðal annars tekist að svíkja kosningaloforðið um samningana í gildi.

Ýmsir loddarar AB halda því gjarnan fram að það að hafa samningana ekki að fullu

framhald á síðu 5



Frá aðgerðum grunnskóla kennara á mánudag.



Myndin sýnir brot af starfsseminni á einni af rannsóknarstofum Landsspítalans.

Meinatœknar - sigur

Rétt fyrir miðnætti 30. sept voru undirritaðir samningar um kjör meinatækna. Það voru síðustu forvöð, því að á miðnætti var uppsagnarfrestu þeirra útrunninn.

Samningaviðræðurnar voru í sjálfu sér sigur fyrir meinatækna, því að á þeim 6 mánuðum , sem liðnir eru frá uppsögnunum hafa engar viðræður átt sér stað, fyrr en núna. Þorsteinn Geirsson deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu, staðhæfði í Vísi föstu daginn 29. 9. að það væri ekki um neitt að tala.

Þrátt fyrir að ljóst væri að meinatæknar myndu ganga út á miðnætti þ. 30. til að fylgja eftir réttmætum kröfum sínum .

Meinatæknar kröfðust þess að færast upp í 14. launaflokk BSRB til samræmis við starfs lýsingu. Kjaranefnd felldi úrskurð í málinu og úrskurðaði þá í 12. launaflokk eins og áður. Þessu vildu meinatæknar auðvitað ekki una, þar sem úrskurðurinn á við engin rök að styðjast.

Nú þ. 30. var samið um að fyrstu 6 mánuðina á starfsferli sínum skuli meinatæknar vera í 12. launaflokki, síðan

framhald á síðu 4

Afmæli kínversku byltingarinnar

Þann 1. október voru 29 ár liðin frá stofnun Kínverska alþýðulýðveldisins.

Alþýðulýðveldið leit dagsins ljós eftir áratugalanga baráttu við heimsvaldasinna og strengjabrúður þeirra. Japanskir, enskir og bandarískir heimsvaldasinnar reyndu eftir megni að brjóta niður þjóðfrelsisöflin. Í mörg ár studdu þeir gerspillta og gegnumrotna klíku Sjang Kæ Sjeks, hins afturhaldssama hershöfðingja. Allt kom fyrir ekki. Allt erfiði heimsvaldasinnanna varð þeim til einskis ávinnings. Þeim tókst að vísu að fresta valdatöku verkalýðsins og færa miklar hörmungar yfir land og þjóð. Með þrautseigju og fórnfýsi tókst byltingarherjunum að reka óvininn af höndum sér.

Þá tók við eitthvert stórkostlegasta uppbyggingarstarf sem heimurinn hefur orðið vitni að. Hver sigurinn á fætur öðrum hefur fallið kínverskri alþýðu í skaut og sókn hennar í átt til betra og fegurra mannlífs er markviss.

Mikilvægi kínversku byltingarinnar verður þeim mun meira í ljósi svika rússnesku heimsvaldasinnanna í Kreml. Ekki aðeins fyrir gervalla marxlenínísku hreyfinguna heldur og fyrir allt mannkyn vegna mikilvægs framlags kínverja til varðveislu friðar í heiminum.

Með láti Maós Tse-tungs vonuðust andkommúnistar innan og utan Kína eftir breyttri stefnu. Innan Kína seildust fjórmenningarnir til valda en voru brotnir á bak aftur af kínverskri alþýðu undir forystu hins nýja formanns, Hua Kuo-Feng.

Undir forystu hans hafa kínverjar gert nýja mikla áætlun um að færa í nútímalegt horf landbúnað, iðnað, landvarnir og vísindi og menntun með það að markmiði að gera Kína að öflugu, nútímalegu sósíalísku ríki fyrir lok þessarar aldar.

Stéttabaráttan sendir kveðjur í tilefni afmælisins. Miðstjórn Kommúnistaflokks Íslands hefur sent miðstjórn Kommúnistaflokks Kína kveðjur.



Kínverskir félagar funda. Á myndinni eru m.a. Chou En lai og Maó Tse tung.

LEIÐARI

29 ár frá kínversku byltingunni

"Lofum hinum drottnandi stéttum að skjálfa fyrir kommúnistabyltingu. Þar hafa öreigarnir engu að týna nema hlekkjunum. Þeir eiga heilan heim að vinna -Öreigar allra landa sameinist." Þannig fórust þeim Karli Marx og Friedrich Engels orð er þeir luku við fyrstu stefnuskrá kommúnista árið 1848. Öreigar heimsins hafa háð harða og langvinna baráttu í anda kommúnistaávarpsins fyrir frelsi sínu og eru það orð að sönnu að "kommúnistabyltingin" hefur öðru fremur sett mark sitt á 20. öldina. Heimsbylting öreiganna sem fyrst náði árangri í októberbyltingunni í Rússlandi 1917 stendur enn yfir og henni mun ekki ljúka fyrr en drottnandi stétt auðvaldsins hefur beðið ósigur fyrir öreigunum hvarvetna í heiminum og stéttir líða undir lok.

1. október 1948 er einn sá dagur sem táknar mikinn sigur í baráttusögu öreiga og vinnandi alþýðu heimsins. Þann dag lýsti fjölmennasta ríki veraldar yfir sjálfstæði sínu í nafni bandalags verkalýðs og bænda. Þetta ríki er Alþýðulýðveldið Kína, sem hafði háð langa og stranga baráttu til að brjóta af sér hlekki heimsvaldastefnu, arðráns og kúgunar. Undir forystu Kommúnistaflokks Kína sem þá hafði barist í 28 ár, og verkalýðsstéttarinnar tókst kínverskri alþýðu að stíga þetta mikilvæga skref á langri göngu öreiga og kúgaðra alls heimsins til frelsis og friðar. Í dag 29 árum seinna gegnir Alþýðulýðveldið Kína enn mikilvægara hlutverki í framþróun heimsbyltingar öreiganna. Þetta aukna mikilvægi skapaðist með tilkomu nútíma endurskoðunarstefnunnar og svika hennar við sósíalismann í Sovétríkunum. Í dag tilheyra Sovétríkin ekki lengur herbúðum byltingar og öreiganna heldur herbúðum gagnbyltingarinnar og afturhaldsins.

Maó Tse tung og Kínverski kommúnistaflokkurinn afhjúpuðu þessi svik og bentu heiminum á þá hættu sem honum stafar frá nútíma endurskoðunarstefnunni. Og með hinni miklu menningarbyltingu öreiganna sýndi Maó og kínversk alþýða fram á hvernig halda skal byltingunni áfram undir alræði öreiganna. Maó benti einnig á skiptingu heimsins í þrjá heima og varaði við þeirri hættu sem heiminum stafar af samkeppni risaveldanna tveggja Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. um heimsyfirráð þ.e. hættunni á heimsstyrjöld.

Þessvegna láta kommúnistar um allan heim sig miklu varða hverju fram vindur í baráttu stéttanna og uppbyggingu sósialismans í Kína. Það skiptir einnig miklu fyrir baráttu byltingarmannsins í heimalandi sínu að Kína heldur áfram á braut sósíalismans. Kína er í dag mikið fordæmi arðrændum og kúguðum þjóðum í baráttu þeirra fyrir sjálfstæði og frelsi. Kína er einnig lýsandi dæmi um hvers vinnandi hönd er megnug þegar hún er laus við hlekki kúgarans en byrjar að byggja upp sínn eigin heim. Án þessa vitnisburðar og án þess fordæmis sem kína er í dag ætti öreigastétt heimsins í margfalt meiri vanda í baráttu sinni en nú er. Þess vegna gleðst alþýða heimsins með kínversku þjóðinni þann 1. október og óskar henni velfarnaðar í framtíðinni.

Kommúnistaflokkur Íslands m-l færir Kommúnistaflokki Kína, verkalýð og alþýðu Kína sínar bestu baráttu og heillaóskir þann 1. október.

1. 10. 1978, Öreigar allra landa sameinist.

Húsaleigusamningur

og geyma ekki dót eða drasl á göngum. Ganga hreinlega og snyrtilega um sameignir.

Á eftir þessu kemur kafli um "Önnur sérákvæði" og vara ég fólk við að skrifa undir hvað sem er í því sambandi. Leigusalar setja gjarnan þar inn í ákvæði um að leigutaki verði að taka öllum hækkunum sem kunna að koma á leigutímabilinu. Það þýðir í raun að ef leigan hækkar t.d. á tveggja mánaða fresti, verður þú að taka þeim, annars er hægt að lögsækja þig, og þú flytur strax úr viðkomandi húsnæði og færð engar bætur fyrir að samningurinn sé úr gildi. Borga verðurðu fyrir allt samningstímabilið.

Auðvitað er sjálfsagt að gefa leigjandanum u.þ.b. viku frest til að borga húsaleiguna, því að alltaf er mánuður borgaður fyrirfram. Í samningnum stendur um þetta atriði "Leigan fyrir umrætt tímabil er..... krónur á mánuði og skal greidd 1.-hvers mánaðar fyrirfram. Sé leiga ekki greidd á réttum gjalddaga eða leigutaki brýtur á annan hátt af sér leigurétttinn skal honum skylt að rýma húsnæðið tafarlaust er leigusali krefst þess, ella má leigusali eða réttur umboðsmaður hans láta bera hann út með aðstoð fógeta, en á kostnað leigutaka. Er þá jafnframt fallinn í gjalddaga öll leigan fyrir leigutímabilið og skal leigusali taka hana sem sekt fyrir samningsrofið".

Í kjölfar þessa koma allskyns hótanir um að ef leigutaki noti ekki húsnæðið eins og leigusali krefst þess þá skuli hann hafa verra af."..Svo ef hann innir ekki af hendi, ef leigusali krefst þess, rétta hlutdeildargreiðslu í hitunar eða öðrum sameiginlegum útgjöldum."

Greinilegt er af þessari upptalningu að samningur þessi er einungis gerður með hagsmuni leigusala fyrir augum. Þess vegna verða leigjendur að taka upp baráttu gegn þessum svívirðilega samningi. Nýlega voru stofnuð leigjendasamtök og hlutverk þeirra er að standa vörð um réttindi leigjenda Ég vill hvetja alla leigjendur til að ganga í þessi samtök, því einungis þannig getum við hreyft við ríkisvaldinu. Búa verður til annan samning þar sem réttindi leigjenda verða tekin upp.

Einnig þarf að taka upp baráttu fyrir því að alltaf verði á boðstólnum ódýrt leiguhúsnæði fyrir þá sem vilja leigja. Það vilja sem betur fer ekki allir fara út í þann vítahring að byggja, sem verður til þess að fólk er orðið líkamlegir og andlegir aumingjar um fimmtugt. Það mætti hugsa sér þetta þannig að ungt fólk sem væri að byrja búskap gæti fengið íbúð við sitt hæfi og síðan stærra eftir því hversu börnin yrðu mörg. Síðan mynd íbúðarstærðin aftur minnka, þegar börnin færu að heiman. Fyrir þessu verða nýstofnuð leigjendasamtök að berjast.

Verðbólgudraugurinn

þurfa þeir að fá því meiri gróða af fjármagninu sem þeir hafa til framleiðslunnar, þar sem markaðurinn hér á landi er mjög lítill, og mikið af íslenskri framleiðslu hefur ekki getað haslað sér völl á erlendum mörkuðum, þá þurfa þeir að fá meira verð fyrir vöruna, eða með því að lækka laun verkafólks.

Ríkisvaldið gefur í þessu sambandi aukið lánsfé til kapítalistanna með því að auka fjármagnið í umferð, t.d. með lánum utanlands eða innanlands frá verkafólki. Þeir geta einnig prentað fleiri seðla, sem þýðir í reynd að verðgildi peninganna minnkar. Þetta og annað sama eðlis minnkar verðgildi peninganna sem í umferð eru. Orsök verðbólgunnar er því sókn auðvaldsins í hámarksgróða.

Það er því ekki að undra að ráðstafanir ríkisstjórnarinnar snúast ekki gegn orsök vandans, enda hefur þeim ekki dottið í hug að vega á nokkurn hátt að íslenska auðvaldinu. Nei, nú skal endurskoða vísitöluútreikningana þannig að þeir virki ekki til hækkunar á kaupi þó verðlag hækki. Vísitöluútreikningarnir eru þegar í dag falsaðir hvað varðar nokkra liði. Hún miðast við könnun sem gerð var á 5. áratugnum og þær breytingar sem orðið hafa á lifnaðarháttum fólks eru ekki teknar til greina. T.d. almennari bílaeign, fleiri símar á hvern mann o.s.frv.

En þetta er íslenska auðvaldinu ekki nóg, raungildi launa skal lækka enn hraðar.

Verkalýðsfélögin eru baráttutæki verkafólks til að standa vörð um líf sitt og kjör

verkafólk hafi ekki þurft að berjast fyrir rétti sínum og fyrir að halda unnum hlut í baráttunni gegn auðvaldinu?

Við hljótum að hafna starfsaðferðum ASÍ-toppanna og miða baráttuna við vinnustaðina þar sem félagsmenn verkalýðsfélaganna eru. Hvar annarsstaðar ætti að heyja þessa baráttu?

Þetta sást vel nú nýlega þegar atvinnurekendur breimuðu um bágborinn efnahag og hótuðu að loka frystihúsunum þrátt fyrir að verð á þorskblokk hafi aldrei verið hærra og aflabrögð betri. Þarna reði vissulega ekki spurningin um gjaldþrot húsanna heldur hafði hlutfall gróða frystihúseigendanna minnkað og þá á náttúrulega alþýðan að borga mismuninn. Hvað gerðu þá verkalýðsfélögin? Hvert var þá lýðræðið?

Þjónar auðherranna tala gjarnan um að landinu sé stjórnað af fámennum þrýstihópum sem geti með verkfalli stöðvað atvinnuvegina. Við skulum ekki láta blekkjast af þessum áróðri. Eini fámenni þrýstihópurinn sem stjórnar landinu eru atvinnurekendurnir. Verkafólk er að berjast fyrir réttlátum launum fyrir vinnu sína. Það líða auðherrarnir ekki því gróði þeirra byggist á arðráni með aðstoð ríkisvaldsins. Þess vegna hljótum við að afneita stefnu og starfi svokallaðrar "vinstri stjórnar. Hún ber það nafn einungis á pappírnum en hruna dansinn í þágu auðherranna heldur áfram.

Ég skora á verkamenn að taka þátt í starfi verkalýðsfélaganna. Þannig komast skoðanir verkamanna á framfæri og þar á að berjast fyrir því að breyta félögunum úr valdatæki fámennra klíkna í virk baráttusamtök. Þetta starf krefst þátttöku hvers og eins og er erfitt verk, því klíkurnar láta ekki völdin af hendi baráttulaust.

Með samtakamættinum og viljanum sigrum við að lokum og kjósum okkar eigin stjórn sem mun hlýta meirihlutavaldi félagsmanna.

HAFIÐ SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS M-L

Miðstjórn og ritstjórn Stéttabaráttunnar: sími 27810 og pósthólf 1357 121 R. einnig í Rauðu Stjörnunni bókabúð, Lindargötu 15, opið mánud. - föstud. kl.16:00 - 18:30.

AKUREYRI
Jón Atli Játvarðsson
Skarðshlíð 30.

KEFLAVÍK
Einar Jónsson
Sólvallagötu 40c.

HAFNARFJÖRÐUR
Fjóla Rögnvaldsdóttir
Reykjavíkurvegi 24.

HELLISSANDUR
Sigfús Almarsson
Hellisbraut 10.

SVÍÞJÓÐ
Kristján L. Guðlaugsson
Kämnärsvägen 11 N:220
222 46 LUND

Rauða Stjarnan Bókabúð

Opið mánudaga til fimmtudaga frá kl. 16.00 - 18:30, og föstudaga frá kl. 15:00 - 19:00

Svar KFÍ m-l til EIKm-l

öll frávik frá marx-lenínisma taktísk og strategísk, undir sama hatt og kalla þau endurskoðunarstefnu.

Upp hafið að endurreisn marxismans-lenínismans innan íslenskrar verkalýðshreyfingar má rekja til þeirra efnahagslegu og pólitísku kreppu sem einkenndi gjörvallan auðvaldsheiminn í lok 7. áratugsins. Ástæðan fyrir því að þessi hreyfing fer ekki af stað fyrir alvöru á Íslandi fyrr en um tveimur til fjórum árum seinna en víðast annars staðar er fyrst og fremst sú, að þegar þessi kreppa skellur á, er marx-lenínísk umræða svo til steingeld innan íslenskrar vinstri hreyfingar vegna langvarandi drottnunar endurskoðunarsinna og svo til algjörs sigurs þeirra yfir framsæknum hluta verkalýðshreyfingarinnar í um 30 ár.

Allt frá árinu 1970 þegar fyrstu broddar marxískrar-lenínískrar hreyfingar fara að stinga upp kollinum á Íslandi hefur klofningur og harðar deilur verið eitt aðaleinkennið á þessari hreyfingu Afleiðingar þessara deilna hafa orðið margvíslegar og misjafnlega alvarlegar en í höfuðdráttum má þó segja að sá óæskilegi klofningur sem varð í upphafi hafi verið alvarlegasti hluti þessara deilna og hann hefur endurspeglast í gegnum sögu hreyfingarinnar allt til dagsins í dag. Hér er átt við þær deilur, sem upp komu um það, hvort rétt væri að stofna sérstök samtök marxista-lenínista strax árið 1972 eða starfa innan Fylkingarinnar. Í dag hefur reynslan kennt okkur það, að rétt var að stofna marx-lenínísk samtök strax eins og gert var með stofnun KSML, en þrátt fyrir þessa viðurkenningu hefur enn ekki tekist að sameina alla marxista-lenínista. Hverjar eru ástæðurnar?

Við þessari spurningu finnst vissulega ekkert einfalt svar. Ástæðurnar eru margar og margvíslegar, sumar eiga sér djúpan pólitískan grundvöll og aðrar má jafnvel rekja til persónulegra illdeilna og þvergirðingsháttar félaga. Hér er jafnt átt við félaga innan KSML/KFÍm-l og félaga í EIKm-l og við teljum, að hér hafi í langflestum tilfellumm verið um ómeðvitaða hegðun að ræða, sem ráðist hefur af borgaralegum bakgrunni félaganna og skilningsskorti þeirra á því hvernig kommúnistar leysa innri ágreining sinn og þau vandamál sem upp koma í hreyfingunni. En þó ástæður klofningsins hafi verið afgerandi fyrir þá þróun sem átt hefur sér stað.



Útifundur Samtaka herstöðvaandstæðinga fyrir utan Sovéska sendiráðið 21. ágúst s.l. Þar kom fram í verki andstaða sH SHA við heimsvaldastefnu Sovétríkjanna.

Það má segja að í upphafi endurreisnar marx-lenínismans á Íslandi hafi verið um að ræða þrjá höfuðhópa sem einhver afgerandi áhrif hafa haft á gang mála til dagsins í dag. Í fyrsta lagi er hér um að ræða þann hóp sem tengdur var KFMLr í Svíþjóð og bar hingað til lands með sér sterkar tilhneigingar til vinstri einangrunarstefnu og endurskoðunarstefnu. Í öðru lagi ber svo að nefna þann hópinn sem uppeldi sitt fékk annars vegar hjá AKPm-l í Noregi og hins vegar innan Fylkingarinnar og bar með sér mjög sterkar tilhneigingar til hægri hentistefnu undansláttar gegn endurskoðunarsinnunum í verkalýðshreyfingunni. Í þriðja lagi ber svo að nefna þann hópinn sem minnst mótaður var í upphafi, en hafði aftur á móti lang bestu tengslin innan verkalýðshreyfingarinnar og við raunveruleika þjóðfélagsins almennt. Það er þessi síðasti hópur sem mest áhrif hefur haft í seinni tíð til að leiða marx-lenínísku hreyfinguna inn á réttar brautir og slíta hana upp úr einangrunarhyggjunni. Það er í ljósi þessara staðreynda, sem við verðum að skoða þróun hreyfingarinnar og sögu hennar fram á þennan dag.

Í mati sínu á sögu og þróun KSML/KFÍm-l byggja EIKm-l ekki á rannsóknum og skoðun á íslenskum veruleika og þjóðfélagsástandi nema að mjög litlu leyti. EIKm-l nota huglægt mat í greiningu sinni á KSML og í mati sínu á eigin sögu og þróun kemur jafnframt fram rík tilhneiging til að fegra hlutina og gefa þeim dýrðlegt yfirbragð.

KSML voru aldrei skipulagsleg ur hluti endurskoðunarsinnahreyfingarinnar á Norðurlöndum, heldur fór alla tíð fram innan samtakanna heiftarleg barátta þeirra afla sem aðhylltust afstöðu KFMLr og hinna sem vildu byggja upp flokk er reisti starf sitt í íslenskum raunveruleika og þeir báru að lokum sigurorð.

Það gildir jafnt um EIKm-l og KSML/KFÍm-l að innan beggja samtakanna hefur marxlenínisminn ætíð haft undirtökin í baráttu tveggja lína og sigrað að lokum. Það eru engin þau atriði, hvorki í sögu þessara samtaka né í stefnu þeirra og starfi nú í dag, sem ættu að geta komið í veg fyrir sameiningu þeirra. Öll ágreiningsatriði eru þess eðlis, að þau má leysa innan eins og sama kommúnistaflokksins með umræðu og námsstarfi í marx-lenínismanum og á grundvelli lýðræðislega miðstjórnaraflsins.

Alþjóða ályktun ágúst '77

Kommúnistaflokkurinn telur alþjóðaályktunina spanna yfir alla mikilvægustu þættina sem með þurfa að vera í slíkri ályktun. Þó teljum við nauðsynlegt að gera eftirfarandi athugasemdir:

a) Í miðjum öðrum dálki stendur:"Samfylktu öllum framsæknum öflum undir forystu verkalýðs." Hér teljum við að réttara sé að tala um að samfylkja öllum hugsanlegum öflum. Þetta teljum við vera í meira samræmi við þriggja heima kenninguna og lýsa betur því samfylkingarstarfi sem vinna þarf. Það er baráttan sem er framsækin, framsækin barátta verkalýðsins. Hins vegar er það verkefni kommúnista að samfylkja öllum öflum, hvort sem þau eru framsækin eða afturhaldssöm, undir fána baráttunnar.

b) Þar sem rætt er um EBE kemur ekki fram afstaða EIK m-l til aðildar Íslands að bandalaginu. Það er afstaða KFÍm-l að íslenskir kommúnistar eigi að berjast gegn aðild Íslands að EBE.

c) Síðast í ályktuninni í e-lið segir:"Hvetja verður íslenska alþýðu til að styðja sósíalísku ríkin og stéttarveldi verkalýðsins gegn árásum stéttaróvinarins og falssósíalistanna. Einnig verður að styðja alræði alþýðunnari alþýðulýðveldum og þjóðfrelsisbaráttu í þriðja heiminum í verki meðal annars með fjárframlögum og upplýsingarmiðlun. (Undirstrikun okkar).

Það sem við undirstrikum teljum við vera alrangt fram sett. Í fyrsta lagi tala m-listar aldrei um alræði alþýðunnar, slíkt tal er ættað frá Krúsjeff og er endurskoðunarstefna. Hins vegar teljum við að það sem þarna er verið að reyna að segja sé, að það verði einnig að styðja nýfrjálsu ríkin. Það er jú búið að tala um stuðning við alþýðulýðveldin þ.e.a.s."sósíalísku ríkin og stéttarveldi verkalýðsins" eins og komist er að orði.

Það er ljóst að ályktunin þarfnast vissra breytinga og lagfæringa. Einnig teljum við nauðsynlegt að slík ályktun taki nánar upp um þriggja heima kenninguna og deilurnar í heimshreyfingu kommúnista. Og að lokum er nauðsynlegt að flétta betur inní ályktunina stöðu Íslands og baráttu okkar hér á landi.

Lokaorð

Við teljum okkur hafa svarað Sameiningargrundvellinum eins nákvæmlega og hægt er að svo komnu máli.

Stefnuskrá KFÍm-l og ályktanir 2. þings flokksins standa að öðru leyti fyrir afstöðu KFÍm-l. KFÍm-l er tilbúinn til nánari viðræðna við EIK m-l um öll atriði þessa svars sem og Sameiningargrundvöllinn, stefnuskrá KFÍm-l og allt annað sem viðkemur 817 starfi og stefnu m-l hreyfingarinnar á Íslandi. KFÍm-l telur rökrétta niðurstöðu þessa svars vera auknar umræður og samstarf milli KFÍm-l og EIKm-l með sameiningu m-lista að markmiði.

Félagakveðjur,
F.h.KFÍm-l

Gunnar Andrésson.

MEINATÆKNAR framhald.

aðra 6 mánuði í 13. launaflokk og síðan í 14. launafl.

Þetta var það lengsta sem hægt var að ná, án þess að til vinnustöðvunar kæmi.

Meinatæknar eru almennt áánægðir með árangurinn, sem er svo gott sem fullur sigur.

Samstaðan um aðgerðir var góð óg áhuginn mikill. Það er því ótvírætt að þetta hefur verið mikill sigur fyrir Meinatæknafélag Íslands og meðlimi þess. Það er vert að geta þess að almennt virtist samstarfsfólk meinatækna á sjúkrahúsunum og almenningur hafa skilning á baráttu þeirra.

Til dæmis sendu sjúkraliðar félaginu stuðningsyfirlýsingu. Kommúnistaflokkur Íslands óskar meinatæknum til hamingju með árangurinn.

EINANGRUNARSTEFNAN

framhald.

andstæðinga gegn Sovétríkjunum má rekja til stefnu hans. Hverju þjónar þá þetta tal um hægri hentistefnu? Það er til þess eins fallið að reyna að dylja ranga afstöðu þeirra sem gagnrýnastefnu flokksins, en sjálfir eru haldnir alvarlegri einangrunarstefnu.

Baráttan gegn einangrunarstefnunni er mikilvæg og án þess að gert verði upp við hana, mun barátta okkar gegn endurskoðunarstefnu og endurbótastefnu aldrei verða árangursrík. Við verðum að fylgja leiðsögn Maós formanns" Við verðum að heyja baráttu á báðum vígstöðvum og berjast gegn bæði "vinstri" og hægri frávikum"



Ein af hinum fjölmennu mótmæla göngum herstöðvaandstæðinga

Svar KFÍm-l til EIKm-l

Stjórnlist og baráttu-aðferðir

Þessi kafli er að flestu leyti í samræmi við það sem segir um þetta í stefnuskrá KFÍ/ML Þó eru þar nokkur atriði sem við viljum gera athugasemdir við.

a) Í sameiningargrundvellinum stendur: "Nokkur hluti forystunnar er ótvírætt orðinn hluti einokunarauðvaldsins, t.a.m. æðstu menn ASÍ. Þeir eru flestir endurskoðunarsinnar-hvorki sósíalistar eða marxistar."

Í fyrsta lagi teljum við ekki eru á móti sameiningu hafa ekki áhuga á að efla marx-lenísku hreyfinguna og þjóna því borgaralegum öflum í þessari baráttu.

c) Um samfylkingar. Við teljum að meginatriðið í spurningunni um samfylkingar komi fram í fyrstu málsgrein 4. liðar í kaflanum um stjórnlist og baráttuaðferðir: "Samfylkingin byggist á því að leitast er við að fylkja öllum þeim til baráttu sem hafa sameiginlega hagsmuni af framgangi ákveðins baráttumáls með tilliti til mismunandi stéttarstöðu og stéttarvitundar, en án tillits til flokksbanda." Þessu erum við sammála.

valdinu" eins og sett er fram í Sameiningargrundvellinum. Með því að setja fram þetta vígorð er verið að fara sömu leið og Brésneff, þegar hann segir að það eigi að skapa "alþýðufylkingu gegn einokunarauðvaldinu". Á tuttugasta og þriðja flokksþingi Kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna sagði Brésneff:"Aðrir þjóðfélagshópar, sem eru andstæðir einokunarauðvaldinu - meginþorri bænda og menntamanna - eru að safnast meir og meir um verkalýðinn. Breið and-einokunarfylking er að skapast. Þessi þróun krefst nánara bandalags alþýðunnar og örvar baráttuna fyrir lokatakmarkinu - fyrir byltingarsinnaðri umbreytingu þjóðfélagsins, fyrir sósíalismanum." (L. Brésneff, ræða á 23. þingi KFRR (b) 1966, Moskva, bls. 21). Hugmyndin um and-einokunarfylkingu er

þær vilja beina rás söguþróunarinnar aftur á bak. Þegar svo ber undir, að þær eru byltingarsinnaðar þá eru þær það vegna þess. að þær sjá það fyrir, að þær muni hrapa niður í öreigalýðsstéttina. Þær snúast því ekki til varnar nútímahagsmunum sínum, heldur framtíðarhagsmunum sínum. Þær hverfa því frá sínu eigin stéttarmiði til þess að skipa sér á stéttarvettvang öreigalýðsins." (Marx, Engels úrvalsrit l. bls. 35).

Hér kemur fram hin rétta afstaða til hlutstæðrar stöðu smáborgarastéttarinnar í auðvaldsþjóðfélaginu. Sú afstaða EIKm-l að smáborgarastéttin sé framsækið og jafnvel byltingarsinnað þjóðfélagsafl á sér því enga stoð í fræðikenningu marx-lenínismans. Smáborgarastéttin hvarflar á milli borgarastéttar og öreigastéttar. Það er verkefni kommúnista að vinna hluta hennar til fylgis við byltingarbaráttu verkalýðsins. Þá sem ekki er hægt að vinna til fylgis við byltinguna verður að gera hlutlausa í afstöðunni til hennar.

c) Við erum ekki sammála því að "flestir iðnaðarmenn" séu smáborgarar eins og segir í grundvellinum. Iðnaðarmenn tilheyra verkalýðsstétt aftur á móti teljast iðnmeistarar til smáborgarastéttar eða borgarastéttar. Aðalgallinn á stéttgreiningu EIKm-l er að þar er reynt að persónugera alla hópa sem fjallað er um.

d) Til að varpa skýrara ljósi á afstöðu KFÍm-l til stéttanna í íslenska auðvaldsþjóðfélaginu birtum við hér hluta af ályktun 2. þings flokksins:

"2. landsþing KFÍm-l staðfestir að sú skilgreining á stéttunum í íslenska auðvalds þjóðfélaginu, sem sett var fram í stefnuskrá flokksþings flokksins sé rétt í grundvallaratriðum, en þar segir m.a.:"Höfuðmóthverfa íslenska auðvaldsþjóðfélagsins er á milli: borgarastéttar og öreigastéttar. Iðnverkalýðurinn er sá hluti hins vinnandi og arðrænda fjölda sem einn er fær um að leiða baráttuna gegn borgarastéttinni til fullra lykta."

Þó vill þingið benda á nauðsyn þess að gera verður skýran greinarmun á forystuaflinu í stéttabaráttunni - iðnverkalýðnum - og þeim hópum þjóðfélagsins, sem hvarfla á milli afstöðu öreiga stéttarinnar og borgarastéttarinnar, en eru þó nánustu bandamenn verkalýðsins í bæjunum. Hér er einkum átt við lægra sett skrifstofu-og verslunarfólk og fólk í ýmsum þjónustugreinum. Ennfremur þarf að gera skýra grein fyrir stöðu vinnandi fólks til sveita, en þar er nánustu bandamenn verkalýðsstéttarinnar að finna, fyrst og fremst meðal landbúnaðarverkalýðsins en einnig hálföreiga og smábænda.

Stéttgreining er eitt mikilvægasta stjórnlistarlega verkefnið í sambandi við baráttuna fyrir sósíalísku þjóðfélagi. Þó má engan veginn líta svo á að sú stéttgreining,sem flokkurinn byggir starf sitt á í dag sé endanlega mótuð. Þvert á móti þróast hún og mótast samfara vexti og þróun íslensku byltingarbaráttunnar."

KFÍm-l telur að það sé ekki raunhæft miðað við núverandi aðstæður að setja fram nákvæmari stéttgreiningu. Til þess hafa hvorug samtökin næga þekkingu. Með starfi okkar og baráttu í framtíðinni munum við öðlast þá reynslu sem gerir okkur kleyft að leysa þetta vandamál.



Innifundur Baráttueiningar 1976 í Háskólabíói. Að þessum aðaðgerðum stóðu EIKm-l og KFÍ/ML sameiginlega ásamtfleirun

pólitíska afstöðu ráða stéttarstöðu og í öðru lagi teljum við efsta lag verkalýðsforystunnar til verkalýðsstéttarinnar. Þetta er sá hluti stéttarinnar sem hefur algjörlega svikið baráttu verkalýðsins og þjónar borgarastéttinni, en er engu að síður hluti stéttarinnar, efsta lag hennar.

b) Í grundvellinum kemur það einnig fram að KFÍ/ML sé endurskoðunarsinnaður flokkur en þó sé innan hans fólk sem nálgist marx-lenínismann. Um EIKm-l segir hins vegar að þar fari fram tveggja línu barátta. Hún stendur þá væntanlega milli borgaralegra afla annars vegar og marx-lenínískra hins vegar. Það eru sem sagt ekki allir fullkomnir marx-lenínistar innan EIKm-l frekar en KFÍ/ML. Heldur er innan beggja samtakanna fólk sem nálgast marx-lenínismann og innan beggja samtakanna fer fram tveggja línu barátta. Það er okkar mat að þrátt fyrir að innan EIKm-l og KFÍ/ML fari fram barátta borgaralegra og byltingarsinnaðra afla, séu bæði samtökin marx-lenínísk. Þetta ætti raunar að vera rökrétt niðurstaða af því sem segir í sameiningargrundvelli EIKm-l. Í framhaldi af þessu sjáum við líka nauðsyn þess að þessi tvö marx-lenínísku samtök sameinist og að tveggja línu baráttan haldi áfram að þróa þau áfram innan eins flokks. Þeir sem

Stéttgreinigin

Við erum sammála um tilgang stéttgreiningar og forsendur fyrir gerð hennar. Við viljum sérstaklega benda á eftirfarandi tilvitnun í sameiningargrundvöllinn 1. lið: "Marx-lenínísk samtök hljóta þegar í upphafi að setja fram drög að stéttgreiningu sem síðan eru endurbætt með fenginni reynslu og frekari rannsóknum." Við teljum þetta atriði sérstaklega mikilvægt. Marx-lenínísk samtök geta ekki sett fram altæka stéttgreiningu þegar í upphafi ferils síns. Hvorki KFÍ/ML né EIKm-l hafa í dag nákvæma greiningu á hinum ýmsu starfshópum.

Hér á eftir fara nokkrar athugasemdir við drög EIKm-l að stéttgreiningu.

a) Í 12. punktinum segir réttilega að höfuðmóthverfa auðvaldsskipulagsins sé borgarastétt gegn verkalýðsstétt. Af þessu leiðir að höfuðvígorð þessa stjórnlistartímabils er "stétt gegn stétt", en ekki "alþýðan gegn einokunarauðekki bara "vanhugsuð orð" sovéska sósíalheimsvaldasinnans í ræðu hans, ekki nein undantekning frá almennri línu "nýju Zaranna í Kreml". Þessi hugmynd er meginþráðurinn í endurskoðun þeirra á byltingarsinnaðri stjórnlist marx-lenínismans og aðal afbökunin á kenningum marx-lenínismans um öreigabyltinguna.

Þegar Enver Hoxha, leiðtogi albönsku kommúnistanna, gagnrýnir nútíma endurskoðunarstefnuna í ræðu árið 1971, farast honum svo orð:"Skilyrðin, sem gera verkalýðsstéttina að meginaflinu í nútíma þjóðfélagsþróun, leiðandi afli í baráttunni fyrir byltingarsinnaðri umbreytingu hins kapítalíska heims hafa ekki breyst á nokkurn hátt." (ræða á 6. þingi Flokks Vinnunnar í Albaníu árið 1971, bls. 216).

b) Í Sameiningargrundvelli EIKm-l kemur ekki nægilega skýrt fram hver afstaða EIKm-l til þjóðfélagslegrar stöðu smáborgarstéttarinnar er. Marx og Engels segja í Kommúnistaávarpinu um miðstéttirnar (smáborgarstéttirnar):"Miðstéttirnar, smáiðjuhöldar, smákaupmenn, handverksmenn og bændur berjast allir gegn borgarastéttinni til þess að forða miðstéttartilveru sinni frá tortímingu. Þessar stéttir eru því ekki byltingarsinnaðar, heldur íhaldssamar. Þær eru meira að segja, afturhaldssamar,

Endurskoðunarstefnan

KFÍm-l er að ýmsu leyti ósammála því sem fram kemur í kaflanum um endurskoðunar- og hentistefnuna. Við viljum því gera nokkrar athugasemdir við það sem þarna kemur fram. Við teljum EIKm-l ekki gera sér grein fyrir því hvað endurskoðunarstefna er. Í Sameiningargrundvellinum er ruglað saman hentistefnu og endurskoðunarstefnu. Þar sem fjallað er um "vinstri endurskoðunarstefnuna" stendur á einum stað orðrétt:"En margt af því sem á dögum Lenins varð að skoða sem "barnasjúkdóma" er í dag endurskoðunarstefna eftir tilkomu heildarstefnu heimshreyfingar kommúnista þ.e. með starfi Komintern og ennfrekar baráttu Kommúnistaflokks Kína og Flokks vinnunnar í Albaníu gegn endurskoðunarstefnu."

Þessa fullyrðingu í Sameiningargrundvellinum telur KFÍm-l með öllu tilhæfulausa og bera vott um alvarlegt skilningsleysi á fræðikenningu Leníns og djúpsærri innsýn hans í eðli og baráttu borgaralegrar og byltingarsinnaðrar hugmyndafræði í m-l hreyfingunni. Þessi ranga afstaða EIKm-l er reyndar einn af meginþáttunum í rangri skilgreiningu þeirra í sögu m-l hreyfingarinnar á Íslandi, KFÍm-l telur einmitt að barnasjúkdómar og þá sérstaklega smáborgaraleg byltingaróþreyja hafi verið og sé reyndar enn áberandi einkenni á m-l hreyfingunni á Íslandi og er þá ekki síður átt við EIK-m-l en KSML/KFÍm-l. Þar sem EIKm-l tala um "vinstri endurskoðunarstefnu" myndum við tala um vinstri hentistefnu. Það er rangt að setja

Dufþakur

Enginn getur verið hlutlaus

Þjóðleikhúsið hefur að nýju hafið sýningar á tveim einþáttungum á litla sviðinu, en þeir voru frumsýndir s.l. vetur. Þessir einþáttungar eru Þeir riðu til sjávar eftir John Millinton Synge og Vopn frú Carrar eftir Bertolt Brecht. Sýning þessara tveggja einþáttunga hefur hins vegar hlotið nafnið Mæður og synir.

Brecht hefur látið þess getið að hugmyndin að leikriti hans sé byggð á einþáttungi Synges, enda má glögglega sjá samlíkingu með þessum tveim verkum. Hitt er svo annað mál, að efnismeðferðin og túlkunin er alls ólík; á meðan Synge lætur sér nægja að lysa erfiðu lífi fátækrar fiskimannafjölskyldu á Írlandi, situr pólitíkin í fyrirrúmi hjá Brecht, enda gerist einþáttungur hans í upphafi borgarastyrjaldar á Spáni.

Leikrit írska rithöfundarins John M. Synges gerist á Aran-eyjum, sem eru smáeyjar fyrir vesturströnd Írlands, um síðustu aldamót. Það greinir frá sjómannsekkju sem misst hefur eiginmann sinn og alla syni í sjóinn. Þetta er mikill sorgarleikur, en þó án allrar væmni og óþarfa tilfinningavafsturs.

Synge dvaldi sjálfur um þriggja ára skeið á Araneyjum og skrifaði bók um þær og íbúana. Einþáttung sinn byggir hann að nokkru leyti á sannsögulegum atburðum.

Í leikþætti Bertolts Brechts er dauðinn einnig nálægur gestur. Það gerist á heimili andalúsískrar fiskimannsekkju í apríl 1937. Borgarastyrjöldin á Spáni er þá nýhafin. Fiskimannsekkjan Theresa Carrar hefur misst mann sinn í stríðinu og kærir sig ekkert um, að synir hennar tveir taki þátt í borgarastyrjöldinni, þrátt fyrir áeggjan bróður hennar, sem kemur í heimsókn til að sækja byssur, sem eiginmaður hennar átti. Carrar vill vera hlutlaus í þessum átökum og trúir því ekki, að hermenn Frankós séu eins miskunnarlausir og sagt er.

En þegar átökin milli ríkra og fátækra eru komir á það alvarlegt stig, að aðeins vopnin ráða úrslitum, getur enginn verið hlutlaus lengur, því þá er enginn óhultur um líf sitt. Fyrr eða síðar kemur að því, að menn verða að taka afstöðu. Á þetta rekur Carrar sig og þar kemur að því, að hún tekur byssurnar og heldur til vígstöðanna ásamt bróður sínum og eftirlifandi syni.

Þetta verk Brechts sýnir fram á, að enginn aðili getur verið hlutlaus í stéttabaráttunni; hlutlaus afstaða er í rauninni ekki til. Jafnframt er einþáttungurinn hvatning til fólks til að taka þátt í baráttunni.

Bríet Héðinsdóttir leikur fiskimannsekkjuna mjög vel, en hún er jafnframt þýðandi leikritsins. Bjarni Steingrímsson fer ágætleg með hlutverk bróður hennar og sömu sögu má segja um Randver Þorláksson, er leikur yngri soninn, en í fyrra fór Sigurður Sigurjónsson með það hlutverk.

Þá er ekki annað en að hvetja aðdáendur Synges og Brechts, svo og áhugafólk um verkalýðssinnaðar bókmenntir, til að klæða af sér kuldahrollinn og leggja leið sína í Þjóðleikhúskjallarann fyrr en seinna, því sýningum á þessum einþáttungum fer senn að ljúka.

Samningana í gildi

í gildi sé til að láta lægri laun hækka meira en hærri, þ.e. launajöfnun. Þessu væri ef til vill möguleiki að trúa ef ekki blasti við sú staðreynd að lægstu launin lækkuðu.

Annað þarf einnig að sthuga þessu sambandi. Krafan um samningana í gildi er ekki aðeins krafa um endurgreiðslu kaupránsins heldur fyrst og fremst krafan um að samningar séu ekki rofnir. Þarna er um samningsréttinn að ræða.

Launþegar una því ekki að samningar séu rofnir og krefjast því þess að samningarnir taki gildi að fullu.

Allt annað eru svik.

Þessvegna verður að berjast hart gegn áformum núverandi ríkisstjórnar og gegn þjónum hennar innan hreyfingar launþega.

Lærdómar af 5.bindi Maó formanns

Einangrunarstefnan

1.grein

Einangrunarstefnan er bölvun sem hefur fylgt kommúnísku hreyfingunni frá því hún reis upp aftur í byrjun 8. áratugsins. Að vissu leyti er það ekki óeðlilegt, þar sem hreyfingin leið fyrir æsku sína og reynsluleysi þegar frá upphafi, vegna skorts á tengslum við byltingarhreyfingu 4. áratugsins. Að auki voru allmargir af frumkvöðlum hreyfingarinnar gagnteknir af hugmyndum sem þeir höfðu öðlast erlendis og flutt með sér heim til Íslands. Þessar röngu hugmyndir hafa orðið til mikils ógagns og sú barátta sem Kommúnistaflokkurinn hefur háð til þess að eyða áhrifum þeirra er þess vegna geysilega þýðingarmikil.

Hvað einkennir einangrunarstefnu og kreddufestu? Maó Tse-tung segir:"Hvað er "vinstri"? Það er að ana langt fram úr samtímanum, að æða á undan samtíða þróunarferlum, að vera fljótfær í framkvæmd og afstöðu sinni til grundvallarreglna og pólitíkur og að slá blint frá sér í baráttu og deilum - þetta eru "vinstri" frávik og þau eru ill." (5. bindið, bls. 167 ensk útg).

Þessi orð eru lærdómsrík. Þau segja okkur t.d. að rangt sé að vera óþolinmóður gagnvart óhjákvæmilegri íhaldssemi innan fjöldahreyfinganna og hatrammur gagnvart röngum hugmyndum meðal fjöldans í stað þess að starfa að því með þolinmæði að skýra út hugmyndir og stefnu kommúnismans. Þau segja okkur að rangt sé að einangra kommúnistana í litlar og eldrauðar "fjöldahreyfingar" sem fjöldinn hvorki skilur né styður. Innan fjöldahreyfinganna, t.d. Samtaka herstöðvaandstæðinga og Rauðsokkahreyfingarinnar eru óhjákvæmilega margs konar hugmyndir á kreiki. Sumar eru réttar, aðrar rangar. Rangar hugmyndir geta stafað annað hvort af smáborgaralegum eða borgaralegum áhrifum innan hreyfingarinnar. Sumar þeirra má hæglega leiðrétta, aðrar verður að gera brottrækar með baráttu. Kommúnistar verða að kunna að greina þarna á milli og þeir mega undir engum kringumstæðum láta óþolinmæði og ofurróttækni valda því að þeir yfirgefi fjöldahreyfingarnar eða snúist gegn þeim. Við skulum taka dæmi. Í upphafi núverandi Samtaka herstöðvaandstæðinga var andstaðan gegn Sovétríkjunum lítt útbreidd innan þeirra. Á haustþingi SHA vildu vissir marxistar-lenínistar láta skerast í odda með endurskoðunarsinnaðri forystu Alþýðubandalagsins. Þá var augljóst að stefna kommúnista hefði beðið algeran ósigur og ekki fengið stuðning fjöldans. Þá var skilyrðislaust nauðsynlegt að gera málamiðlun, ná fram því sem hægt var og bíða þess að ástandið breyttist. Nú hefur starf félaga Kommúnistaflokksins og stóraukin drottnunarstefna Sovétríkjanna orðið til þess að afhjúpa þau, ekki aðeins gagnvart marxistunum, heldur í auknum mæli gagnvart fjöldanum. Með öðrum orðum ástandið hefur breyst. Er rétt að láta skerast í odda nú? Nei, mikilvægast er að efla og treysta hreyfinguna, pólitískt og skipulagslega.

Kommúnistarnir verða að halda áfram að reka áróður fyrir réttri stefnu og sameina fjöldann um hana. Verkefni okkar er að afhjúpa og einangra þá sem þjóna hagsmunum borgarastéttarinnar og risaveldanna tveggja. Nú velja sumir marxistar-lenínistar að einangra sig frá fjöldanum og láta endurskoðunarsinna um að leiða baráttu hans. Þessi afstaða er einangrunarstefna. Hvað er hægri-hentistefna? Maó Tse-tung segir í sama riti:"Að dragast aftur úr samtímanum, verða á eftir samtíða þróunarferlum og skorta baráttuanda - þetta eru hægrifrávik og þau eru líka til ills." (sama bls.167)

Hefur Kommúnistaflokkurinn dregist aftur úr samtímanum eða sýnt skort á baráttu anda? Ég held að almennt séð sé ekki hægt að saka hann um það. Þvert á móti hefur Kommúnistaflokkurinn kappkostað að byggja starf sitt og stefnu á hlutlægu mati á þeim aðstæðum sem eru ríkjandi í baráttu fjöldans hverju sinni

Vissulega hefur Kommúnistaflokkurinn ekki bolmagn eða fylgi til að leiða fjöldasamtökin í dag. En enginn getur neitað, að allsstaðar þar sem félagar hans starfa, er stefna hans og starf vaxtabroddur og framfarasinnuð hlið fjöldahreyfinganna. Þetta á jafnt við um baráttu félaga hans innan Dagsbrúnar, sem innan Rauðsokka og Samtaka Herstöðvaandstæðinga. Og enginn getur heldur neitað því að stefna flokksins hefur átt auknu fylgi að fagna, að andstaðan innan fagfélaganna hefur tekið mið af stefnu hans, að minnkandi ítök feminismans innan Rauðsokkahreyfingarinnar er að nokkru verk hans og að baráttu Samtaka Herstöðva-

framhald á síðu 4



Maó Tse tung og Hua Kuo feng.


Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!
Stéttabaráttan

Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
37. tbl. þriðjudaginn 3. október 1978

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður
Ingi Andrésson.

Verðbólgudraugurinn

Í málefnasamningi hinnar nýju "vinstri" ríkisstjórnar, eru ýmsar ráðstafanir fyrirhugaðar gegn þeirri óðaverðbólgu sem hér geisar. Eins og svo oft áður þá eru svona ráðstafanir byggðar á gömlum trúarsetningum hinnar borgaralegu hagfræði.

Hæst ber þar kenningu þeirra um orsök þessa vanda, en það segja þeir vera víxlhækkun verðlags og kaupgjalds (það er verðbólga). Þetta er að sjálfsögðu fáranleg fullyrðing því með þessu segja þeir að orsök fyrirbrigðisins sé afleiðing þess. Það er freistandi að sýna enn frekar fram á fáránleikann með því að sýna : þannig aðferðir í nokkrum öðrum vísindagreinum.

Til dæmis væri það einfalt mál fyrir læknavísindin að leysa gátuna um orsök krabbameinsins. Jú, hún væri tvímælalaust óeðlileg fjölgun fruma, sem breiðist út um líkamann, það er krabbamein. Það liggur í augum uppi hvað er rangt í þessari rannsóknaraðferð, en það er að það er ekki gerður greinarmunurá orsök og afleiðingu.

Nú myndu líklega margir hinna "vísu" hagfræðinga þegar reka upp ramakvein. Þeir myndu fullyrða að þeir hefðu margar aðrar skýringar. Það er jú reyndar rétt, en eru þær svo af öðrum toga spunnar.

Við skulum taka tvær þeirra Það er gengisbreytingog verð á erlendum vörum. Hvað fyrra atriðið áhrærir þa ætti að vera auðvelt að koma í veg fyrir þennan leka, en það bæri að láta vera með að fella gengið. En það gengur ekki, segja efnahagsmálaráðgjafarnir, því við höfum jú verðbólgu, þannig að íslenskar vörur hætta að verða samkeppnisfærar á erlendum mörkuðum.

Þar fór það. Hvað þá með hitt dæmið. Það er kannski ennþá fáránlegra, því hversvegna hækkar verð erlendrar vöru, jú vegna verðbólgu í viðkomandi löndum, og vegna gengisfellinganna.

En hver er þá orsök verðbólgunnar, og er ekki hægt að vinna bug á henni?

Jákvætt svar við seinni spurningunni bendir til þess að tekist hafi að vinna bug á orsök. fyrirbrigðisins. Og það merkilega er að þetta hefur verið gert. Til dæmis höfum við enga verðbólgu í Kína í dag. Þetta er sérlega athyglisvert þar sem verðbólgan í Kín a var heimsmet á sínum tíma. Til dæmis hækkaði verð vöru sem kostaði 1 juan í árslok 1937 í 8,500.000.000.000.- juaná miðju ári 1949., eða rétt fyrir kínversku byltinguna. Það er líka einkenni á þeim sósíalísku þjóðfélögum sem stofnsett hafa verið að það er engin verðbólga þar. Hér myndu líklega einhverjir mótmæla og nefna sem dæmi Pólland , en þar hefur verið verðbólga undanfarin ár, og til dæmis voru kjötvörur hækkaðar um 60% 1975. En það vill svo til að það sýndi sig að verðbólgan í Póllandi og ýmsum öðrum löndum sem eru hluti af efnahagskerfi Sovétríkjanna, helst í hendur við uppkomu efnahagslegs kerfis í viðkomandi löndum sem mjög svipar til hagkerfis auðvaldslandanna. Þeir kalla það að hvetja fólk til aukinnar framleiðslu, með því að gefa möguleika á gróða Til dæmis fá forstjórar laun í samræmi við framleiðslu og svo framvegis. En þetta eru jú einkenni á ráðum hins borgaralega þjóðfélags og afleiðingarnar láta ekki á sér standa.

En hver er þá orsök verðbólgunnar á Íslandi? Í því sambandi væri ekki úr vegi að taka með inn í myndina að fjárfestingar í iðnaði hafa verið sérlega miklar miðað við heildarveltufjármagn íslenska auðvaldsins. Þegar íslensku kapítalistarnir hafa fest stærsta hluta fjármagnsins í vélum, þá

framhald á síðu 2

Umræðufundur

Næstkomandi fimmtudag þ. e. þ. 5. 10. kl. 20.30 verður haldinn umræðufundur um sameiningu íslenskra marxlenínista á Hótel Esju, 2. hæð.

Frummælendur verða frá EIKm-l og KFÍ/ML og verður einn frá hvorum aðila. Eftir framsögur verða síðan almennar umræður.

Við viljum benda á að þetta er mjög athyglisverður fundur með tilliti til bréfaskiptanna milli EIKm-l og KFÍ/ML að undanförnu. Þarna gefst okkur kostur á að ræða málið opinskátt og heiðarlega, svo fundurinn ætti að gefa góða mynd af stöðunni í dag.

Fjölmennum.

Verkalýðsfélögin eru baráttutæki verkafólks til að standa vörð um líf sitt og kjör

Nú að afloknum þingkosningum höfum við fengið til valda nýja ríkisstjórn sem kennir sig við vinstri. Fer því ekki hjá því að sú spurning vakni hvort ekki fari að rætast úr með baráttu gegn verðbólgu og hvort verkafolk og vinnandi alþýða fái lífvænleg laun fyrir 40 stunda vinnuviku.

Fyrir kosingarnar stóð ekki á hinum svokölluðu verkalýðsflokkum að gefa þeim lægstlaunuðu hvert loforðið á fætur öðru. Þetta á ekki að koma á óvart. Þingræðisbarátta borgaralegu flokkanna miðast öll við að gefa sem flest loforð til hægri og vinstri til að þjóna einstaklings-og flokksmetorðastriti eftir valdastólum, embættum og ráðuneytum. Í hvert einasta skipti er gripið til gengisfellinga (við vitum hvað það þýðir : sífellt minnkandi kaupmátt, einkum verkalýðs og annars láglaunafólks). Þannig er verkafólk sífellt blekkt og svikið og látið borga brúsann en undir mismunandi yfirskini hægri eða vinstri.

Eina svarið sem verkafólk á til að bregðast rétt við slíkum starfsaðferðum er að skipuleggja sig til starfa í verkalýðsfélögum sem byggi á virku lýðræði og þátttöku sem flestra.

En eins og málum er þar háttað í dag er miðstýringin algjör og ákvarðanataka er séreign fárra manna í stað þess að vera sameign allra.

Þessum starfsaðferðum þarf að útrýma svo verkalýðsfélögin geti þjónað sínum tilgangi. Það er mikill misskilningur þeirra manna sem segja að aðstæður í dag krefjist ekki að menn standi vörð um hagsmuni sína og kjör því við höfum það svo gott. Ég er hræddur um að þeir sem lögðu fram krafta sína í upphafi þessarar aldar til þess að stofna verkalýðsfélög fengju sér snúnig í gröfum sínum , sæju þeir á hve lágu stigi menningar-og félagsstarfsemi á pólitískum grundvelli er í verkalýðsfélögum. Spyrja má hvenær það hafi þekkst að

framhald á síðu 2


Dagsbrúnarmenn á verkfallsvakt.

Húsaleigusamningur

Nýlega tók greinarhöfundur á leigu íbúð hér í bæ, sem tæplega væri í frásögur færandi ef ekki kæmi til húsaleigusamningur sá er hann varð að undirrita. Samningur þessi er gefinn út af Húseigendafélagi Reykjavíkur. Hann er svo einhliða að tíðindum sætir. M.a. notaður til kennlsu í Háskólanum hvernig ekki eigi að gera samninga, vegna þess hversu einhliða hann er. Hvergi er talað um að leigutaki hafi nokkur réttindi samkvæmt honum. Lesendum til glöggvunar birti ég nokkur sýnishorn úr honum.

"Húsnæðið skal vera hreint og þokkalegt er leigutaki flytur í það. Rúður skulu vera heilar hitunar -og frárennslistæki í lagi. Yfirleitt skal hið leigða vera í leigufæru ástandi" Ekki má það minna vera að rúður og frárennslistæki séu í lagi. Varðandi það að yfirleitt skuli hið leigða vera í leigufæru ástandi. Þá er það eitt um það að segja að þessu ákvæði hafa húsaleigubraskararnir bætt inn í til að geta leigt íbúðir í alls konar ástandi. Það er ekki nægilegt að segja svo að með undirskrift sinni viðurkenni leigutaki að allt sé eins og það eigi að vera. Yfirleitt getur alþýðufólk ekki valið og hafnað í þessu sambandi, það verður að taka það sem býðst, þrátt fyrir sagga og fúa. Síðan segir m.a."..ef hann tekur húsnæðið ekki í leigufæru ástandi, er leiguafnot hefjast skal hann tilkynna það tafarlaust skriflega, en getur alls ekki síðar gert neina kröfu gildandi á hendur leigusala varðandi þetta atriði" Þarna er um að ræða svivirðilega tilhögun, vegna þe þess að oftast koma gallar húsnæðisins í ljós eftir að flutt er í íbúðina.

Síðan koma nokkrar setningar er varða umgengni leigjanda ekkert er við það að athuga. En svo segir". Þó skal leigutaka skylt að annast og kosta viðhald og viðgerðir á vatnshönum, rúðum, rörum rafmagns slökkvurum ljósa og eldavéla". Þetta ákvæði er alveg fráleitt vegna þess að oft eru þessir hlutir í lamasessi þegar flutt er inn og bila síðan fljótlega. Á þetta sérstaklega við um eldri íbúðir þar sem þetta er allt saman meira og minna úr lagi gengið af mikilli notkun. "Þurfi að gera við húsnæðið á leigutímabilinu skal leigutaka skylt að rýma svo til að viðgerð verði við komið, og á hann enga kröfu til leigulækkunar eða bóta fyrir": Þessi svívirða myndi reyndar ekki standast fyrir rétti. Í fyrsta lagi er leigutaka gert skylt að borga allt viðhald á húsnæði og svo má henda honum út eða koma því þannig fyrir að hann verði að borga gjald fyrir að koma búslóðinni sinni fyrir annarsstaðar, án þess að fá nokkrar bætur fyrir.

Í framhaldi af þessu koma nokkur almenn atriði sem fólk ætti að hafa í heiðri hvort sem það eru leigjendur eða húseigendur t.d. hafa ekki hátt á nóttunni ganga vel um sameign

framhald á síðu 2